Aðalsteinn Hákonarson

Opinber stafrænn örnefnagrunnur:

skráning og hnitsetning örnefna og örnefnastýring

Á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er örnefnasafn sem geymir skrár yfir örnefni á flestum jörðum og afréttum landsins, auk fleiri heimilda um íslensk örnefni, t.d. skrár yfir nöfn fiskimiða. Þá er og í safninu fjöldi uppdrátta af ýmsu tagi með örnefnum og einnig loftmyndir. Örnefnasafnið er að stórum hluta aðgengilegt á vefnum *nafnið.is*. Árnastofnun hefur umsjón með varðveislu safnsins og eflingu, viðhaldi, skráningu og kynningu þess skv. lögum um stofnunina, nr. 40/2006, með síðari breytingum. Stofnunin hefur líka með höndum ýmis verkefni er snúa að *örnefnastýringu*, þeim þætti málstýringar eða málræktar er snýr að örnefnum (sjá Ara Pál Kristinsson 2010:1–2). Til dæmis sinnir hún ráðgjöf fyrir m.a. almenning og sveitarfélög um ný nöfn, svo sem á götum, býlum, sveitarfélögum og nýjum náttúrufyrirbærum, sbr. fyrrgreind lög um stofnunina og lög um örnefni, nr. 22/2015. Síðastnefndu lögin fjalla einnig um örnefnanefnd sem er opinber stjórnsýslunefnd með aðsetur á Árnastofnun og leggur stofnunin henni til starfsmann skv. reglugerð um störf örnefnanefndar, nr. 1040/2017. Nefndin fjallar formlega um erindi um örnefni og gefur ýmist álit eða fellir úrskurði, eftir eðli málanna.

Sá þáttur örnefnastýringar sem mest hefur verið fjallað um í riti hingað til varðar ný og breytt bæjanöfn sem til skamms tíma var helsta viðfangsefni örnefnanefndar (sjá Þórhall Vilmundarson 1980, Ara Pál Kristinsson 2008, 2010, Hjördísi Ernu Sigurðardóttur 2016 og Þóru

Orð og tunga 26 (2024), 155–160, https://doi.org/10.33112/ordogtunga.26.8
© höfundar CC BY-NC-SA 4.0.

Björk Hjartardóttur 2023). Einnig hefur Ari Páll Kristinsson fjallað nokkuð um stöðlun ríkjaheita (2010, 2011) og þá hefur Hjördís Erna Sigurðardóttir fjallað um aðkomu örnefnanefndar að nafngjöfum sameinaðra sveitarfélaga (2016).

Í þessu greinarkorni segir frá vinnu sem lýtur að örnefnum í *opinberum örnefnagrunni* sem Náttúrufræðistofnun (áður Landmælingar Íslands) viðheldur í samráði við Árnastofnun. Kveðið er á um hlutverk stofnananna í þessu sambandi í 4. gr. laga um landmælingar og grunnkortagerð, nr. 103/2006, 3. gr. laga um Náttúrufræðistofnun og náttúrustofur, nr. 54/2024, og 2. gr. reglugerðar um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, nr. 861/2008. Um er að ræða stafrænan gagnagrunn með hnitsettum örnefnum. Nöfn eru skráð í grunninn í samráði við heimildarmenn sem þekkja staðsetningu þeirra og er þeirri vinnu stýrt af Náttúrufræðistofnun (sjá nánar Rannveigu L. Benediktsdóttur og Bjarneyju Guðbjörnsdóttur 2023). Einnig er skráð eftir eldri kortum og er þar bæði um að ræða prentuð kort Landmælinga Íslands (og AMS-kort bandaríska hersins) og uppdrætti af ýmsu tagi í Örnefnasafni Árnastofnunar.

Undanfarin ár hefur tekist að skrá um 15.000 ný örnefni í grunninn á hverju ári og í honum eru nú hátt í 200.000 nöfn. Erfitt er að áætla fjölda örnefna á Íslandi en talið hefur verið að heimildir um á að giska 500.000 nöfn séu í Örnefnasafni Árnastofnunar. Náttúrufræðistofnun viðheldur vefsjá (*Örnefnasjá*) þar sem hægt er að skoða grunninn og er hún uppfærð vikulega. Fjórum sinnum á ári eru birtar nýjar uppfærslur til niðurhals án endurgjalds.

Árið 2007 gerðu Árnastofnun og Landmælingar Íslands með sér samning um samstarf í örnefnamálum er byggðist á fyrrnefndum lögum um Árnastofnun, nr. 40/2006, og lögum um landmælingar og kortagerð, nr. 103/2006. Þar kom fram að markmið samstarfsins væri að til yrði einhlítur gagnagrunnur um íslensk örnefni sem nýttist öllu samfélaginu og að örnefni yrðu birt með sem réttustum hætti. Sérstaka áherslu skyldi leggja á að samræmis yrði gætt í því hvernig örnefni væru skráð og hvernig gögnum og upplýsingum um þau væri miðlað til samfélagsins.

Þáttur Árnastofnunar í skráningu og viðhaldi örnefnagrunnsins er einkum að vinna úr og svara fyrirspurnum Náttúrufræðistofnunar sem koma upp vegna vinnslu grunnsins, en einnig berast athugasemdir frá öðrum aðilum. Úrlausnarefni eru af margvíslegum toga og lúta meðal annars að því að ákvarða rétta staðsetningu örnefna, velja aðalnafn í tilviki tví- eða fleirnefna (hin nöfnin eru líka skráð) en

einnig að skera úr um málfræðilegt form þeirra, enda getur leikið vafi á ritun og beygingu örnefna líkt og annarra orða málsins. En að sumu leyti eru örnefni þó frábrugðin öðrum orðum eins og Svavar Sigmundsson bendir á í *Handbók um íslensku* (2011:367):

- Örnefni eru nátengd ákveðnum stöðum og ritháttur þeirra getur verið tilfinningamál þeirra sem tengjast stöðunum. Þau eru því viðkvæmari fyrir frávikum í rithætti en almenn orð tungunnar.
- Örnefni lifa oft sínu eigin lífi og lúta ekki alltaf sömu beygingarlögmálum og samsvarandi orð í almennu máli, t.d. bæjarnafnið *Laugar*, sem getur verið karlkyns, *Laugarnir*, en samnafnið *laug* er hins vegar kvenkyns.

Áður en kom til samstarfs um hinn stafræna örnefnagrunn hafði Örnefnastofnun Íslands[1] (ein stofnananna sem sameinaðar voru í Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum árið 2006) komið að yfirlestri örnefna á kortum Landmælinga Íslands og því á þessi þáttur í örnefnastarfi Árnastofnunar sér nokkra sögu. Ekki hefur þó verið sérstaklega fjallað um starfið hingað til, svo sem til að gera grein fyrir þeim sjónarmiðum sem horft er til við afgreiðslu fyrirspurna. Þó má telja víst að haft hafi verið að leiðarljósi að velja sem aðalnöfn á kortum þau sem teljast eiga sér rótgróna hefð í nærumhverfinu (sjá t.d. greinar Svavars Sigmundssonar á heimasíðu Árnastofnunar, „Móskarðahnúkar“ (2004) og „Breiðavík“ (2007), og kafla Svavars um örnefni í *Handbók um íslensku* (2011:367–378).

Í grein aftar í þessu hefti (bls. 159–176) segi ég frá þremur athugunum mínum vegna fyrirspurna um örnefni í örnefnagrunninum. Í tveimur málum var um að ræða tvínefni sem leggja þurfti mat á, annars vegar *Skjólborg* og *Skjaldborg* og hins vegar *Högni* og *Högn*. Í þriðja málinu var spurt hvort rétt væri að bæta í grunninn nýlegu nafni, *Sundhnúkagígar*, sem tíðkast hafði um skeið í ræðu og riti um jarðfræði. Þar þurfti annars vegar að meta hvort nægileg hefð væri fyrir nafninu og hvort það raskaði öðrum nöfnum á svæðinu, einkum nafninu *Sundhnúkur* sem hið nýja nafn er leitt af. Niðurstaðan var að mæla frekar með nafnmyndinni *Sundhnúksgígar*. Tilgangurinn með þessum smágreinum er ekki aðeins að koma á framfæri niðurstöðum rannsóknanna, heldur einnig að vekja athygli á örnefnagrunninum

[1] Örnefnastofnun Íslands varð til árið 1998 og tók við starfsemi Örnefnastofnunar Þjóðminjasafns er stofnuð hafði verið árið 1969.

og þeim sjónarmiðum sem horft er til við afgreiðslu mála. Vera kann að ekki séu allir sammála um niðurstöðurnar og gæti hlotist af því gagnleg umræða um hvort sem er einstök örnefni eða ólík sjónarmið sem vega þarf og meta við val á (aðal)nafni til birtingar í grunninum.

Örnefnagrunninum er ætlað að vera viðmið um opinberlega viðurkennd örnefni á Íslandi og er eðlilegt að gera ráð fyrir að sem flestir noti þau landfræðiheiti sem þar eru birt, ekki síst opinberar stofnanir og fjölmiðlar. Rétt er þó að gera þann fyrirvara að ekki er unnt að yfirfara rækilega jafnharðan hverja einustu skráningu í grunninn þótt reynt sé að sigta út augljósar villur. Athugasemdum um skráningar er hægt að koma á framfæri við hvort sem er Náttúrufræðistofnun eða Árnastofnun. Ef upp kemur ágreiningur um birtingu nafns í grunninum er hægt að skjóta málinu til örnefnanefndar og skal nefndin veita rökstutt álit um málið, sbr. 4. gr. laga um örnefni, nr. 22/2015.

Örnefni eru mikilvægur þáttur menningararfsins sem borist hefur milli kynslóða í margar aldir, í sumum tilvikum allt frá upphafi byggðar í landinu. Á 20. öld var unnið afrek með söfnun þúsunda örnefnalýsinga og -skráa af öllu landinu og er þetta safn kjarninn í Örnefnasafni Árnastofnunar (sjá *nafnið.is*). Lengst af voru ekki tæknilegar forsendur til að skrá staðsetningu nema lítils hluta örnefnanna og má líta á örnefnagrunn Náttúrufræðistofnunar sem rökrétt framhald þessarar örnefnasöfnunar. Líkt og fyrr segir er skráning í örnefnagrunninn að miklu leyti gerð í samráði við staðkunnuga á hverju svæði. Þannig er skráð þekking sem hvergi er varðveitt nema hjá heimildarmönnum, en vegna breytinga á búskaparháttum er þekkingin óðum að hverfa og er skráningin því kapphlaup við tímann.

Ritaskrá

Ari Páll Kristinsson. 2008. Stedsnavn på Island – lov og forvaltning. *Språk i Norden 2008*:175–184.

Ari Páll Kristinsson. 2010. Um íslenska örnefnastýringu. *Orð og tunga* 12:1–23.

Ari Páll Kristinsson. 2011. Ríkjaheiti og riháttur. Í: Guðrún Kvaran, Hallgrímur J. Ámundason og Svavar Sigmundsson (ritstj.). *Fjöruskeljar*. Afmælisrit til heiðurs Jónínu Hafsteinsdóttur sjötugri 29. mars 2011, bls. 1–10. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Hjördís Erna Sigurðardóttir. 2016. Örnefni, Örnefnanefnd, sameinuð sveitarfélög og bæjanöfn. Vald og saga örnefnastýringar. MA-ritgerð frá Háskóla Íslands. https://hdl.handle.net/1946/25952.

Lög um landmælingar og kortagerð nr. 103/2006. https://www.althingi.is/lagas/154b/2006103.html (sótt í ágúst 2024).
Lög um Náttúrufræðistofnun og náttúrustofur nr. 54/2024. https://www.althingi.is/altext/154/s/1695.html (sótt í ágúst 2024).
Lög um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum nr. 40/2006. https://www.althingi.is/lagas/154b/2006040.html (sótt í ágúst 2024).
Lög um örnefni nr. 22/2015. https://www.althingi.is/lagas/154b/2015022.html (sótt í ágúst 2024).
Nafnið.is. https://nafnid.is Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (sótt í ágúst 2024).
Rannveig L. Benediktsdóttir og Bjarney Guðbjörnsdóttir. 2023. Örnefnaskráning á vefnum. Í: Emily Lethbridge og Rósa Þorsteinsdóttir (ritstj.). *Nöfn á nýrri öld*. 20 greinar í tilefni 20 ára afmælis Nafnfræðifélagsins, bls. 72–74. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
Reglugerð um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum nr. 861/2008. http://island.is/reglugerdir/nr/0861-2008 (sótt í október 2024).
Reglugerð um störf örnefnanefndar nr. 1040/2017. https://island.is/reglugerdir/nr/1040-2017 (sótt í ágúst 2024).
Svavar Sigmundsson. 2004. Móskarðahnúkar. Grein á heimasíðu Árnastofnunar. https://arnastofnun.is/is/greinar/moskardahnukar (sótt í ágúst 2024).
Svavar Sigmundsson. 2007. Breiðavík. Grein á heimasíðu Árnastofnunar. https://arnastofnun.is/is/greinar/breidavik (sótt í ágúst 2024).
Svavar Sigmundsson. 2011. Örnefni. Í: Jóhannes B. Sigtryggsson (ritstj.). *Handbók um íslensku*, bls. 367–378. Reykjavík: JPV útgáfa.
Þóra Björk Hjartardóttir. 2023. Nöfn á nýjum býlum og afskipti Örnefnanefndar. Í: Emily Lethbridge og Rósa Þorsteinsdóttir (ritstj.). *Nöfn á nýrri öld*. 20 greinar í tilefni 20 ára afmælis Nafnfræðifélagsins, bls. 75–89. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
Þórhallur Vilmundarson. 1980. Nýnefni og örnefnavernd á Íslandi. *Grímnir* 1:24–36.
Örnefnasjá. https://ornefnasja.lmi.is Náttúrufræðistofnun.

Lykilorð

örnefni, örnefnastýring, örnefnagrunnur

Keywords

Place-names, place-name standardization, place-name database

Abstract

The article talks about work on standardizing toponyms in the official place-name database of Iceland which is maintained by the Icelandic Institute of Nature Research (formerly the National Land Survey) in cooperation with the Árni Magnússon Institute for Icelandic Studies.

Aðalsteinn Hákonarson
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
Arngrímsgötu 5
IS-107 Reykjavík
adalsteinn.hakonarson@arnastofnun.is